

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/37/ESB

2013/EES/37/18

frá 22. nóvember 2012

um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE að því er varðar skilyrðin sem fræ *Galega orientalis* Lam. þarf að uppfylla, hámarksþyngd framleiðslueininga fræs af tilteknum tegundum fóðurjurta og sýnastærð *Sorghum* spp. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja⁽¹⁾, einkum 21. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽²⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Dæmigert einkenni fyrir *Galega orientalis* Lam. er að fræ þess eru hörð. Því skal bæta tilteknum upplýsingum sem lúta að þeim eiginleika við gæðakröfurnar til tegundarinnar að því er varðar lágmarksspírunarhæfni.
- 2) Í tilskipun 66/401/EBE er kveðið á um hámarksþyngd framleiðslueiningar fræs til að forðast misleitni í framleiðslueiningum í tengslum við fræprófun.
- 3) Þar eð breytingar á starfsvenjum við framleiðslu og markaðssetningu á fræjum, einkum aukin stærð fræuppskeru og aðferðir við flutning fræs, bentu til að það kynni að vera æskilegt að auka hámarksþyngd vörueiningar að því er varðar grasfræ var gerð tímabundin tilraun í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/66/EB⁽³⁾.
- 4) Sú tilraun leiddi í ljós að við nýju skilyrðin eru framleiðslustöðvar færar um að framleiða framleiðslueiningar fræs sem eru stærri og nægilega einsleitar. Þar af leiðandi er aðildarríkjum heimilt að leyfa aukningu á hámarksþyngd framleiðslueininga með fræi grastegunda.
- 5) Skilyrðin fyrir fræframleiðslu, akurskoðun, sýnatöku og prófun sem kveðið er á um í tilskipun 66/402/EBE eru byggð á alþjóðlega viðurkenndum aðferðum og stödlum, svo sem þeim sem Alþjóðleg samtök um eftirlit með fræi hafa ákveðið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2013 frá 14 júní 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 161.

6) Gæðakröfurnar sem hafa verið ákveðnar fyrir tegundina *Sorghum* spp. eru aðallega byggðar á tegundinni *Sorghum bicolor* (L.) Moench. Í kjölfar þess að nýir markaðir með fóðurjurta- og lífmassaframleiðslu hafa myndast hefur eftirspurn aukist eftir öðrum undirtegundum og blendingum af *Sorghum* spp., sem hafa smærri fræ og eru þynnri og flatari í laginu. Af þessum sökum er rétt að þróa nánar kröfurnar fyrir mismunandi undirtegundir þannig að tekið verði tillit til einkenna fræja þeirra.

7) Aðgreina skal tegundina *Sorghum* spp. í *Sorghum bicolor* (L.) Moench, *Sorghum sudanense* (Piper) Stapf og blendinga þeirra og sýnastærðir þeirra skulu lagaðar að stödlum sem Alþjóðleg samtök um eftirlit með fræi hafa sett.

8) Því ber að breyta tilskipunum 66/401/EBE og 66/402/EBE til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á tilskipun 66/401/EBE

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað tölunnar „60“ í 2. dálki töflu A í 2. lið I. þáttar II. viðauka, að því er varðar færsluna fyrir *Galega orientalis* Lam., komi eftirfarandi:

„60 (a)(b)“,

2) Í stað færslunnar fyrir „Poaceae (Gramineae)“ í 1. dálki III. viðauka komi eftirfarandi:

„*Poaceae (Gramineae)*“⁽⁴⁾

⁽⁴⁾ Auka má hámarksþyngd framleiðslueiningar í 25 tonn ef viðkomandi birgir hefur fengið til þess leyfi hjá lögbærni yfirvaldi.“

2. gr.

Breyting á tilskipun 66/402/EBE

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað færslanna fyrir *Sorghum bicolor*, *Sorghum bicolor* x *Sorghum sudanense* og *Sorghum sudanense* komi eftirfarandi:

1	2	3	4
„ <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench	30	900	900
<i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf	10	250	250 ⁴

- 2) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir *Sorghum sudanense* (Piper) Stapf:

1	2	3	4
„Blendingar <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench x <i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf	30	300	300 ⁴

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

31. desember 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO